

Bls.

Úrslit vísnaþkeppninnar 1979 .....	1
Vísnaþkeppni 1980 .....	4
Vísnaþmál .....	5
Ársskýrsla bókasafns og Safnaþhúss .....	9
Hvatningarþréf um stofnun sýslulestrarþfélags .....	13
Björn Daníelsson skólastjóri .....	17
Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu	
Héraðsskjalasafn Skagafirðinga (greinargerð) .....	21
Úr Héraðsskjalasafni .....	24
Hver er maðurinn? .....	31
Safnaþréttir .....	36

4. árgangur 1980

# safnaþ mál



Útgefandi:  
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA  
og  
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA  
SAUÐÁRKRÓKI

Umsjón:  
HJALTI PÁLSSON  
KÁRI JÓNSSON  
KRISTMUNDUR BJARNASON  
Ábyrgðarmaður:  
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI  
PRENTVERK OBBS BJÖRNSSONAR HF.  
MCMLXXX

## Úrslit vísnakeppninnar 1979

Dómnefndarmenn í vísnakeppninni voru Andrés Björnsson útvarpsstjóri og Sigurjón Björnsson prófessor. Þátttaka var dræm, afrakstur „með rýrasta móti“.

Beðið var um botna við eftirfarandi fyrripart:

Lækkar sól á sjónarhring,  
sumarið brátt er liðið.

Ennfremur voru lesendur beðnir að gera tilteknu yrkisefni skil, yrkja skyldi um *orkuandamál*(ið).

Af botnunum þótti þessi helzt bera af öðrum:

Fellur gras og fölnar lyng,  
foklauf hylur sviðið.

Frambærilegust þótti þessi vísa um orkuvandann:

Ef að tækniorkan þverr,  
ógnar vandi mestur.  
Körlum mun þó koma verr,  
ef kynorkuna brestur.

Höfundur vísubotnsins kynnir sig svo:

Þar sem vaskir víkingar  
voru í svaðilferðum,  
heiti mitt var handfangsvar  
haft á þeirra sverðum.

Föðurnafni frá skal tjá,  
flaust það bar til hafna,  
einnig hefur eflaust sá  
átt sér flesta nafna.

Ekki þarf neitt um það þex  
eða vafa nokkurt sinn,  
að þar í holti víðir vex;  
vel má finna bæinn minn.

Auðsætt er höfundarnafnið, þó skal lesendum að sinni látið eftir  
að ráða þá gátu.

Erfiðara reynist að nafngreina höfund vísunnar um orkuvanda-  
málið. Umslagið var merkt dulnefninu *Þórarinn*. Þegar ráðningar-  
innar skyldi leita, var komið að tómunum kofunum, því að umslagið  
hafði ekkert að geyma. — Safnamál biðja höfundinn að segja til  
nafns.

Af öðrum botnum, sem bærust til keppninnar nú, verða að nægja  
þessi sýnishorn, sem raðað er í stafrófsröð eftir upphafsorði:

Lífið hefur koll minn kring  
krúnurakað og sviðið.  
Hilmir Jóhannesson,  
Víðigrund 3, Sauðárkróki.

Út um hól og heiðalyng  
hélugrátt er sviðið.  
Marteinn Steinsson,  
Freyjugötu 48, Sauðárkróki.

Ört þó skyggi allt um kring  
ei skal vetri kviðið.  
Stefán Jónsson,  
Höskuldsstöðum, Blönduhlíð.

Um orkuvandamálið hafa höfundar t.a.m. þetta að segja:

Auka vanda orkukreppur  
okkar landi hjá.  
Meðan andinn undan sleppur  
eyða grandí má.  
Sveinn Sölvason,  
Skagfirðingabr. 15, Sauðárkróki.

Nú um orku allir keppa,  
ágirnd ræður nótt sem dag.  
Þó er andans orkukreppa  
uggvænlegri þjóðarhag.  
Hilmir Jóhannesson,  
Víðigrund 3, Sauðárkróki.

Þó af kappi málskraftsmenn  
mærdar kyndi bálið,  
leysir Krafla ekki enn  
orkuvandamálið.  
Ragnar Örn,  
Fellsmúla 11, Reykjavík.

Menningarsjóður Magnúsar Bjarnasonar sendi Ragnari Erni í  
viðurkenningarskyni fyrir þátttöku í vísnaþkeppninni 1978 bókina  
*Hofdala-Jónas* (Ak. 1979). Hann launaði m.a. með þessari stöku:

Æviferil festi á bók  
frækinn hringa Njörður.  
Gleði mína á jólum jók  
Jónas brúarvörður.

Tveir aðrir hlutu sömu viðurkenningu: Sveinn Sölvason og  
Hilmir Jóhannesson.

K. B.

## Vísnaþkeppni 1980

Að þessu sinni eru fyrirpartar þrjár:

Tefur enginn tímans skeið,  
traustir strengir slakna.

— — —

Leysist hvorki í lengd né bráð  
landbúnaðarmálið.

— — —

Sættzt og rifizt sitt á hvað,  
sök hjá báðum mikil.

Eins og fyrr er leitað eftir vísnum um tiltekið yrkisefni: Lesendur eru beðnir að yrkja um *skammdegið*.

Skilafrestur er til 1. apríl 1981.

Botna og vísur skal merkja dulnefni, en rétt höfundarnafn fylgi í lokuðu umslagi, merkt dulnefninu og sendist Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Sauðárkróki.

K. B.

## Vísnamál

Af fljótfærni játaðist ég undir það við Hjalta Pálsson að sjá um Vísnamál í þetta hefti Safnamála. Ég segi fljótfærni vegna þess, að þegar til átti að taka, fann ég að ég kunní svotil ekkert af vísnum — nema eftir sjálfan mig! Vísnaafnari hef ég því miður aldrei verið og ekki sérlega snöggur að læra vísur, hvorki eftir sjálfan mig né aðra.

Í þessum samtíningi hér á eftir, einskorða ég mig ekki við skagfirzka höfunda eða vísur.

Bjarni Jónsson úrsmíður á Akureyri dó áttæður á sl. vori. Bjarni var frá Gröf í Víðidal og kenndi sig við þann bæ. *Vísur Bjarna frá Gröf* komu út fyrir tveimur árum. Bjarni var afburða skemmtilegur hagrðingur, eldfljótur að ríma og fyndinn. Vísnum sínum hélt hann lítt saman og er langmest af þeim enn í munnlegri geymd, en fleira þó glatað.

Bjarni sagði eitt sinn í rigningatíð:

Hér er bölvuð ótíð oft  
og aldrei friður.  
Það ætti að rigna upp í loft,  
en ekki niður.

Einu sinni í dentíð var öflugt Húnvetningafélag á Akureyri. Á ári hverju fór það í skemmtiferðir um Húnaþing, Skagafjörð og víðar. Bjarni var um skeið form. félagsins og þá sjálfkjörinn fararstjóri. Mikið var ort í sumum þeirra ferða. Í Sléttuhlíð lentum við í ausandi vatnsveðri. Þá sagði Bjarni við bílstjóran:

Þó um bretti, glugga og gler  
gangi slettuhríðin  
keyrðu létt, nú leiðist mér,  
ljót er Sléttuhlíðin.

Í Hrutafirði hrökk þessi upp úr Bjarna, vafalítið „rímsins vegna“:

Allir grútar okkar lands  
eru í Hrutafirði,  
svo er útlit ekki hans  
eldhúsklúta virði.

Einu sinni var það sem oftast að Bjarni var erlendis í innkaupa-  
erindum. Frá Zürich í Sviss sendi hann mér þá þessa vísu á korti:

Gleðinnar ég geng um dyr,  
guð veit hvar ég lendi.  
En ég hef verið fullur fyr  
og farist það vel úr hendi.

Bjarni úrsmiður var ekki líkur neinum öðrum manni, sem ég hef  
kynnt á lífsleiðinni. Því sendi ég honum þessa vísu sjötugum:

Léttar stökur láttu hvína,  
langt í burtu elli fældu.  
Aldrei baztu bagga þína  
böndum þeim, sem aðrir mældu.

Pétur Pétursson frá Bollastöðum, Skagfirðingur að ætt og upp-  
runa, síðast safnvörður á Blönduósi, rétti mér einu sinni þessar  
fallegu vísur:

Víðikló við götu grær,  
grösín kringum brosa.  
Úti í mó er byggður bær  
úr beitylengi og mosa.

Skýin hanga skúraþung,  
skýla vanga fjallsins.  
Blómin fanga úðann ung  
á engjum Langadalsins.

Ólafur Jensson læknir, forstöðumaður Blóðbankans, skrifaði  
merka grein í dagblað 1972. Þar upplýsir hann, að við blóðrann-  
sóknir á Mývetningum hafi komið í ljós, að fólk af hinni frægu  
Skútustaðaætt, hefði aflöng blóðkorn, en slíkt fyrirbæri fyndist ekki  
nema í úlföldum. Af því tilefni var kveðið:

Skútustaðaættin afrek metur  
og aflöng blóðkorn þykir mest um vert.  
Ólafur hefur öllum mönnum betur  
úlfalda úr mýflugunni gert.

Jakob Ó. Pétursson frá Hranastöðum var lengi ritstjóri Íslend-  
ings á Akureyri. Hann var hagrðingur ágætur og vísnaþjór. Við  
ortum mikið og lengi saman. Einu sinni mættumst við að morgni til  
við pósthúsdyrnar og töluðum þá þessar hendingar fram á svip-  
stundu:

Jakob: Norðan gjóstur enn er á,  
ekki er ljóst 'ann fari.  
Rósberg: Og með þjósti æðir hjá  
Óli póstmeistari.

Þannig voru oft leikir okkar. Þessi staka er eftir Jakob:

Er á gleði orðin þurrð,  
allt er þungt í vöfum.  
Æfi minnar hallast hurð  
helst til fljótt að stöfum.

Egill Jónasson á Húsavík hefur langa ævi glatt allan landslýð  
með sínum óvenju fyndnu stökum. Sjötugum sendi ég honum þetta  
skæti:

Sérta ávallt, aldni drengur,  
eftirlæti skapanorna.  
Enginn hefur látið lengur  
landið hlæja milli horna.

## STÖKUR

Einganga í Reykjavík:

Geng ég einn hin glæstu torg  
girt með húsum nýjum,  
hef þó margfalt betri borg  
byggt úr tómum skýjum.

Hugsað heim:

Gusti svalt um koll og kinn,  
kostur valtur talinn,  
leitar alltaf andi minn  
inn í Hjaltadalinn.

*R. G. Sn.*

# Héraðsbókasafn Skagfirðinga Safnahús Skagfirðinga

## ÁRSSKÝRSLA 1979

Héraðsbókasafnið var opið 12 stundir í viku frá áramótum til 30. júní. Yfir sumarmánuðina júlí, ágúst og fram í september var einungis opið 4 stundir í viku á mánudögum og fimmtudögum. Frá og með 24. september var aukinn útlánstíminn og haft opið 5 daga vikunnar, 16 stundir alls eða mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 4-7 s.d., fimmtudaga kl. 8-10 s.d. og föstudaga kl. 2-7 s.d. Um þær mundir var fjölritað dreifibréf til kynningar og upplýsinga um söfnin og það sent á öll heimili á Sauðárkróki og í héraðinu.

Lánþegar frá hausti 1978 til vors 1979 urðu alls 525, 325 fullorðnir og 200 börn. Er það lítilsháttar aukning frá fyrra ári (6,2%). Gjald fyrir lánskírteini var hækkað, kostar nú kr. 2000 fyrir fullorðna, kr. 500 fyrir ellilífeyrisþega og kr. 300 fyrir börn. Útlánadagar urðu 188 og tala lánaðra binda 33.189. Er það 22,7% aukning frá fyrra ári. Skýring á þessari miklu aukningu er fyrst og fremst breyttar reglur um útlán, sem tóku gildi 1. júlí. Þá var aukinn sá bóka fjöldi, er lánþegi mátti hafa hverju sinni úr 4 upp í 10 bækur hjá fullorðnum, en úr 2 upp í 4 hjá börnum. Jafnframt var lengdur almennur lánstími úr 14 dögum í 21 dag, en á nýjum bókum var óbreyttur lánsfrestur, 7 dagar. Lánþegar utan Sauðárkróks fá einnar viku lengri lánstíma. Áður máttu fullorðnir einungis fá eina nýja bók í senn, en fá nú tvær. Börn fá eftir sem áður einungis eina nýja bók í einu. Eftir efnisflokkum deilast útlánin þannig niður:

000 rit almenns efnis	506
100 heimspeki og sálfræði	263
200 trúarbrögð	68
300 félagsfræði	341

400 tungumál	7
500 raunvísindi	167
600 tækni, framleiðsla	177
700 listir	52
800 bókmenntir	28.633
900 saga, landafræði, ævisögur	2.975

---

Samtals 33.189

Auk venjulegra útlána voru lánaðir bókakassar til togara Útgerðarfélags Skagfirðinga, alls 238 bindi, til annarra safna og skóla í umdæminu 66 bindi og fengin að láni frá Amtsbókasafninu á Akureyri 3 bindi.

Starfslið bókasafnsins var óbreytt frá fyrra ári: Hjalti Pálsson bókavörður í fullu starfi og Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í 1/3 hluta úr starfi. Hjalti fékk sem fyrr launalaust leyfi yfir sumarmánuðina og gegndi Eiríkur Rögnvaldsson starfi hans mánuðina júní, júlí og ágúst.

Í aðfangabók bættust 650 bindi og skráð númer í árslok voru 16.000. Búndin voru alls 101 bindi.

Einn nemandi úr Steinstaðaskóla kom í starfskygningu á bókasafnið.

Nokkur hreyfing hefur verið hjá ýmsum lestrarfélögum í sýslunni til endurskipulagningar í bókasafnmálum. Í því sambandi fór bókavörður á nokkra staði til skrafs og ráðagerða og heimsótti m.a. eftirtalin söfn: Lestrarfélag Seyluhrepps í Varmahlíð, Lestrarfélag Miklabæjarsóknar á Stóru-Ökrum og Bókasafn Bændaskólans á Hólum. Einnig fór hann á fund í Hofsós, þar sem rætt var um undirbúning að sameiningu bókasafna í Hofsós, Fellshreppi og Hofshreppi. Ennfremur var bókavörður viðstaddur opnun sameinaðra bókasafna í Lýtingsstaðahreppi í Laugarhúsinu gamla við Steinsstaðaskóla. Þá fór bókavörður til Reykjavíkur og sótti þar vorfund um málefni almenningsbókasafna og fund um skjalavörslu á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Allmargir gáfu bækur, blöð eða tímarit til bókasafnsins og skulu þeim öllum færðar bestu þakkir. Skrá yfir gefendur fylgir hér aftar.

## SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA.

Að venju var húsnæði Safnahússins mikið notað á árinu. Tónlistarskólinn leigði salina á neðri hæð eins og undanfarin ár og Samkór Sauðárkróks æfði tvö kvöld í viku yfir vetrarmánuðina. Fjölmargir aðilar fengu og inni til ýmiss konar starfsemi; fundir voru margs konar, tónleikar, sýningar, bridgekeppnir, kvikmyndasýningar og fönðurnámskeið. Nánar deilist þetta þannig niður: Bæjarstjórnarfundir 21, sýslufundir 4 (dagar), aðrir fundir 18, tónleikar 9, bridgekvöld 10, málverkasýningar 3, kvikmyndasýningar 2, fönðurnámskeið 1, dómþing 1. Þá fóru hér fram kjörfundir vegna alþingiskosninga og kosningar um opnun áfengisútsölu á Sauðárkróki. Einnig var haldin hér menningarkvöldvaka á vegum Kaupfélags Skagfirðinga. Í Sæluviku var Gísli Jónsson menntaskólakennari á Akureyri fenginn til að halda erindi. Talaði hann um mannanöfn og nafngiftir. Var aðsókn allgöð og urðu líflugar fyrirspurnir og umræður á eftir.

Hafizt var handa um byggingarframkvæmdir í kjallara. Sauðárkróksbær og Skagafjardarsýsla lögðu hvor aðili um sig 2.5 milljónir til þessa verks. Ennfremur fékkst 2.5 milljóna styrkur úr Þjóðhátíðarsjóði. Lögð var miðstöð í kjallarann og múrhúðun því sem næst lokið um áramót. Unnið var við stoðvegg og stétt á baklöd hússins, en því verki tókst ekki að ljúka áður en frost lögðust að. Þá var steipt stétt framan við tröppur við aðalinngang hússins. Unnið var að endurbótum á rafkerfi hússins; settur upp útsláttarrofi í anddyri, svo að auðvelt er að taka allt rafmagn af húsinu, þegar það er yfirgefið að kvöldi. Settir voru flekar fyrir glugga að innan á vesturhlíð sýningarsalar og skapaðist þannig stóraukið veggpláss til sýninga. Nordursalur var málaður, einnig anddyri og gangur að snyrtingum á fyrstu hæð. Stefnt er að því að ljúka frágangi í kjallara á árinu 1980.

Stjórn og starfslið Safnahússins er óbreytt frá fyrra ári. Stjórnina skipa: Kári Jónsson, formaður, Rögnvaldur Gíslason, Gunnar Helgason, Gísli Magnússon og Kristmundur Bjarnason. Starfslið

er: Jóna Sveinsdóttir við ræstingu, Anna Pálsdóttir afgreiðslu-  
maður í bókasafni, Kristmundur Bjarnason skjalavörður og Hjalti  
Pálsson bókaforstjóri og forstöðumaður Safnahúss.

*Hj. P.*

## Skrá yfir gefendur til Héraðsbókasafns Skagfirðinga

Árni H. Árnason verkamaður, Sauðárkróki.  
Árni Blöndal bóksali, Sauðárkróki.  
Árni og Margit Eylands, Reykjavík.  
Ásta Kristmundsdóttir frú, Sauðárkróki.  
Axel Thorsteinsson rithöfundur, Reykjavík.  
Björn Sverrisson eldvarnaeftirlitsmaður, Sauðárkróki.  
Guðrún Sveinsdóttir frá Mælifellsá.  
Helgi Rafn Traustason kaupfélagsstjóri, Sauðárkróki.  
Ólafur Stefánsson stöðvarstjóri, Sauðárkróki.  
Ólafur Sveinsson læknir, Sauðárkróki.  
Ramborg Jóhannesdóttir frú, Sauðárkróki.  
Rósmundur Ingvarsson bóndi, Hóli, Lýt.  
Sigrún Ingvarsdóttir ungfrú, Sauðárkróki.  
Sigurður Ágústsson rafveitustjóri, Sauðárkróki.  
Sigtryggur Jón Björnsson kennari, Hólum.  
Sigurjón Páll Ísaksson starfsm. Orkust., Reykjavík.  
Sigurlaug Jónasdóttir frú, Uppsölum, Akrahr.  
Stefán Jónsson ættfræðingur, Höskuldsstöðum.  
Sveinn Nikódemusson sjómaður, Sauðárkróki.  
Sölvi Sveinsson kennari, Reykjavík.

## Hvatningarbréf um stofnun sýslulestrarfélags

Í 18. hefti Glóðafeykis, rits Kaupfélags Skagfirðinga, 1977 var birt grein eftir Eirík Rögnvaldsson um Héraðsbókasafn Skagfirðinga, þar sem dregið er á sögu safnsins, upphaf þess og þróun. Þar er vitnað til bréfs, er séra Zóphonías Halldórsson prestur í Viðvík ritaði sýslunefnd árið 1898, þar sem hann hvetur til stofnunar „sýslulestrarfélags“. Sýslubókasafn Skagfirðinga komst þó ekki á laggirnar fyrr en árið 1904, en telja má þetta bréf fyrstu kveikjuna að þeirri stofnun, eftir því sem best verður vitað. Er því við hæfi að birta það í Safnamálum. Bréfið er varðveitt í Skjalasafni Alþingis, Skfj.s. No. 18—98.

*Hj. P.*

BLINDUR ER BÓKLAUS MAÐUR segir gamall málsháttur, og munum vér allir vera samdóma um, að í honum er mikill sannleiki fólgin. Í bókum og ritum segja þeir, sem lifað hafa á undan oss, og ýmsir þeir, sem lifa samtímis oss, oss frá reynslu sinni og hugsunum, oss til fróðleiks og leiðbeiningar, og miðar slíkt fremur flestu öðru oss til framfara og fullkomnunar bæði í andlegum og líkamlegum efnum, svo að færa má góð og ljós rök fyrir því, að bókvit er bezta ráð til þess að fylla askana. Að færa frekari ástæður fyrir þeirri nytsemi, sem allir skynberandi menn geta haft af athugasömum lestri góðra bóka, yrði bæði of langt mál, og væri að öllum líkindum ekki nauðsynlegt fyrir yður, sem allir munuð



viðurkenna, hve dýrmætt gagn góðar bækur geta gert. En jafn augljóst er það einnig, að allur fjöldi manna er svo efnum búinn, að óhugsandi er, að bækur og önnur rit verði almennt keypt og lesin, nema með því móti, að meiri eða minni hluti af félagsheildinni slái sér saman og myndi félög til að kaupa og lesa bækur. Þetta hafa menn einnig gjört mjög víða í menntuðum löndum, eins og kunnugt er, einnig á voru landi eru til hreppalestrarfélög og amtslestrarfélög, en undarlegt virðist mér það, að *sýslulestrarfélög* eru engin til, þar eð þau gætu bezt náð tilganginum. Amtsbókasöfnin hafa of stóran, — já langt of stóran verkahring til þess að geta orðið að notum. Reynslan mun hafa sýnt að undanförunu, að *engir* hafa notað Amtsbókasafnið á Akureyri, aðrir en Akureyrarbúar og Eyfirðingar. Úr þessu hefir amtsráðið að vísu reynt að bæta, að því leyti sem það gat, með því að það á fundi 11. júní 1896 hlutaðist til um, að aukabókaverðir í sýslum amtsins „skuli taka á móti beiðslum manna um bækur, útvega bækurnar frá amtsbókasafninu með fyrstu sjóferð, og síðan lána þær út, heimta þær aptur og sjá um, að þær komist til amtsbókasafnsins með skilum“. En þetta getur þó aldrei orðið að almennum og verulegum menningarnotum, þar eð safnið hlýtur að tvístrast svo mjög á þennan hátt, að það verður komið undir hreinni tilviljun, hvort menn geta fengið þær bækur, sem þeir óska að fá. Jafnvel í hinum litlu hreppalestrarfélögum vitum vér fleiri dæmi þess, að það hefir valdið mikilli óánægju, að félagsmenn hafa orðið að bíða eptir ýmsum bókum, meðan þær hafa verið stuttan tíma í útláni. Og þó hafa hreppabókasöfnin of lítinn verkahring, og of lítinn peningakrapt, og framkvæmdir þeirra verða því litlar, og einna verst er þó, að þau geta ávallt kollvarpast við fráfall einstakra manna í hreppnum.

Eg vildi því óska, að sýslunefndirnar gengjust fyrir því, að stofnuð væru *sýslubókasöfn*, en að *amtsbókasöfnin væru lögð niður*, og jafnvel einnig hreppsboðkasöfnin. Eg hugsá mér, að sýslubókasafnið fengi í hverri sýslu tiltölulegan hluta af peningum þeim, sem amtsbókasafnið fær nú úr landssjóðnum, og að sýslan legði einnig nokkuð fram. *Amtsbókasafnið* hefir nú sem stendur 1000 kr. styrk, en ég vil sem sagt afnema það með öllu, og þá selja það þeirri sýslunni, sem

bezt býður, eða þá mynda úr því *Fag-bókasafn* fyrir presta, lækna, lögfræðinga og stjórnámálamenn. Eg tel engan efa á því, að sýslubókasafn geti fengið árlegan styrk til bókakaupa af almannafé í landssjóði, og að slíkt bókasafn gæti orðið uppbyggilegt og menntandi fyrir menn. Á þennan hátt gæti það fé, sem nú er árlega borgað úr landssjóðnum til bókakaupa, eflt almenna menntun í landinu *margfalt betur* en unnt er að það geti nú gert. Fyrir því er nauðsynlegt, að þessu fyrirkomulagi með bækurnar, sem keyptar eru fyrir fé landsmanna árlega, sé breytt sem allra fyrst á þann hátt, að landsmenn, sem í rauninni hafa borgað þær úr sínum vasa fyrir ráðstöfun þingmanna sinna og annara góðra manna, geti haft þeirra sem allra bezt not. Í þessu efni óska eg að sýslunefnd Skagfirðinga verði ekki sein til bragðs þar eð eg lít svo á, að hér sé um verulegt framfaramál að ræða, verulegt menningarmeðal fyrir fólkið, sem ekki kann enn almennt að meta það sem vert er, eingöngu af því, að það þekkir ekki gæði þess.

Eg skal geta þess, að það er hinn nafnkunni héraðslæknir Eyfirðinga, Guðmundur Hannesson, sem fyrstur hefir hreyft þessari hugmynd um sýslubókasöfn við mig, og í bréfi til mín, dags. 28. nóv. f.á. segir hann meðal annars: „Eg vildi fá þessu máli hreyft við allar sýslunefndir amtsins á næsta fundi. Frá sýslunefndunum verður kvörtunin að koma fyrst og nefndin að fela amtsráðsmanni málið til meðferðar. Máske væri réttast að stofna safnið, svo nota mætti tilveru þess sem ástæðu. Söfnin gætu með tímanum orðið héraðanna „stolt“. Í Ameríku eru þau skoðuð lífsskilyrði fyrir héraðin, enda gefið stórfé úr öllum áttum. Sveitabókasöfn þar eru víða dýrðlegar hallir. Mönnum, sem hefðu fengið fróðleik sinn mestan frá safni sýslunnar, þeim myndi vel til þess, og létu máske eitt eða annað af hendi rakna. Söfnin skyldu geymd á verzlunarstaðnum, því þangað liggja leiðir flestra. Umsjón safnsins og bóka kaup ætti nefnd manna, sem sýslunefndin kysi til 1-3 ára, að hafa á hendi. Árlegt eptirlit ætti sýslunefndin að hafa. Bækur hefi eg hugsað mér 1. *Íslenzkar bækur, sem verulegt og varanlegt gildi hafa*, en tæplega allar, sem út koma; 2. *Útlendar bækur, tímarit og alþýðlegar fræðibækur etc.* 3. *Valin fagurfræðirit.*“

Eg skal svo ekki fjölyrða meira að sinni um þetta mál, eg ítreka, að mér er annt um það sem almennt menntunar- og framfaramál, og óska, að sýslunefndin gefi því sem beztan gaum.

Viðvík, 18. febr. 1898

Virðingarfyllst  
Zóphonías Halldórsson.

Til sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

## Björn Daníelsson

skólastjóri 1920-1974

Á þessu ári eru liðin 60 ár frá fæðingu Björns Daníelssonar skólastjóra og bókavarðar á Sauðárkróki. Af því tilefni þykir vel við hæfi að minnst hans fáeinum orðum í Safnamálum.

Björn fæddist að Stóru-Ásgeirsá í Víðidal 16. febrúar 1920. Foreldrar hans voru Daníel Daníelsson, lengst bóndi í Valdarási í Víðidal, og kona hans Þórdís Pétursdóttir frá Stökkum.

Björn fór í Héraðsskólann á Laugum og tvítugur lauk hann kennaraprófi. Eftir það kenndi hann á nokkrum stöðum norðanlands, en staðnæmdest við Dalvíkurskóla frá 1943-1952. Þaðan kom hann að Barnaskóla Sauðárkróks og gerðist skólastjóri haustið 1952. Því starfi gegndi hann til dauðadags.

Þótt barnaskólinn yrði aðalstarfsvettvangur Björns, lét hann víðar að sér kveða, áhugamálin voru mörg og maðurinn ósérhlífinn. Hann tók mjög virkan þátt í félagsmálum og valdist víða til forystu. Verður hér ekki gerð tæmandi skil á félagsmálastörfum Björns, en nokkuð talið af því helsta.



*Björn Daníelsson.*

Á Dalvíkurárum sínum varð hann formaður Ungmennafélags Svarfdæla í 4 ár, einnig formaður Ungmennasambands Eyjafjarðar í 2 ár. Árið 1953 varð hann formaður Kennarafélags Skagfirðinga, síðar formaður Sambands norðlenskra kennara um 3 ára skeið. Í sóknarnefnd starfaði Björn lengi, gjaldkeri og afgreiðslumaður Sögufélags Skagfirðinga um alllangt árabíl, í stjórn Norræna félagsins á Sauðárkróki, í stjórn Æskulýðsráðs Sauðárkróks. Björn lét talsvert að sér kveða á pólitískum vettvangi. Hann var um tíma formaður Sjálfstæðisfélags Sauðárkróks og bæjarfulltrúi tvö kjörtímabil, sat þá jafnframt í bæjarráði; gegndi auk þess fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir bæjarfélagið. Halldór Þ. Jónsson kemst svo að orði um félagsmálastörf Björns í minningargrein:

„Björn var samvinnuþýður maður, en þó ákveðinn og hafði gott lag á að koma sínum málum fram. Hann var málafylgjumaður, málsnjall og rökfastur. En ég hygg að mér sé óhætt að fullyrða, að öllum þeim sem með Birni unnu að bæjarmálum, beri saman um það, að hann hafi verið þar tillögugóður og ráðhollur og sýnt þar í öllum störfum sínum þá trúmennsku og góðvild, sem honum var eðlileg. Í samstarfi okkar í bæjarstjórn fannst mér Björn alltaf bera hag bæjarsjóðs meira fyrir brjósti en sinn eigin, og þannig var um allt sem honum var trúað fyrir, því var ekki á glæ kastað.“

Öllum ber saman um fágæta kennarahæfileika Björns, alúð og lagni í umgengni við börn. Ég hygg að frá hans 22 ára starfstíma við Barnaskólann á Sauðárkróki sé vandfundinn sá nemandi, sem ekki minnst hans með hlýju og virðingu. „Honum var eiginlegt að viðhafa í daglegri umgengni sinni við börnin þá sígildu lífsvenju, að „aðgát skal höfð í nærveru sálar“. Hjá honum fann lakasti nemandinn sömu hlýjuna og umhyggjuna og sá, er auðveldar sóttist námið,“ segir Halldór Þ. Jónsson ennfremur.

Björn var mikill unnandi bókmennta og lista og gaf sig talsvert að ritstörfum þrátt fyrir margvíslegar annir hins daglega lífs. Hann sendi frá sér eina ljóðabók árið 1946, Frá liðnu vori, en einkum skrifaði hann bækur við hæfi yngstu lesendanna. A.m.k. átta barnabækur voru prentaðar eftir hann, auk þess átti hann þátt í fleiri verkum fyrir börn. Á árunum 1960-1964 var gefið út blað á

## Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu

Hér er um að ræða upphaf bráðabirgðaskrár, sem tekur til skjalgagna hreppanna, er safninu hafa verið fengin til varðveislu til ársloka 1979. Hér eru og tilgreind skjöl og bækur félaga og stofnana, sem afhendingarskyld eru.

Auðsætt er, að heimtur eru ekki góðar. Sést það ljóslega á því að bera saman afhent gögn hinna ýmsu hreppa, sem vitaskuld lúta allir sama stjórnsýslukerfi, og ættu því flokkar skjala að vera hinir sömu í þeim öllum, svo og einingar innan hvers flokks.

Sumpart hafa skjalgögn farizt í bruna, sumpart glatazt með öðrum hætti, og enn kunna að leynast skjalgögn frá fyrri tíð í sveitarfélögunum, einkum bréfasöfn, og geta má þess sérstaklega, að sáttabækur skila sér illa á safnið.

Skráin er ótölusett og því betra um vik að auka við blöðum eftir þörfum, eftir því sem bætist við skrána í framtíðinni, enda hægurinn hjá að kippa henni út úr heftinu og geyma sér. Hreppunum er hér raðað eftir stafrófsröð, og birtist framhaldið að ári.

K. B.

## Akrahreppur

### Hreppstjóri

		Úttektir	
Bréf	1823-1870	—	1885-1888 1895-1913
Hreppaskilabók/skýrslubók	1889-1911	Reikningar	1823-1824 1826-1859
—	1911-1930	—	
Uppskrifta/virðinga/ uppboðsbók	1880-1921	Búnaðarskýrslur	1826-1860 1960-1963

## Hreppsnefnd

Fundagerðabók	1875-1928
—	1928-1943
—	1944-1955
Bréfabók	1907-1916
—	1916-1938
Dagbók	1908-1942
Hreppsþabók/sveitarþabók	1791-1835
—	1892-1913
—	1913-1924
—	1924-1938
—	1939-1959
Kassabók/sjóðþabók	1931-1942
—	1943-1953
Útsvarsþabók	1936
—	1937
—	1938
—	1939
—	1940
—	1941
—	1942
—	1943
—	1944
—	1945
—	1946
—	1947
—	1948
—	1949
—	1951
—	1952
—	1953
—	1954
—	1955
—	1956
—	1957
Reikningar	1893-1909

## Skattanefnd

Gerðabók	1921-1926
—	1927-1939
—	1940-1948
—	1949-1961
Leiðréttingaskrá frá yfirsattanefnd	1927-1928
Skólanefnd	
Prófbók	1910-1950
Dagbækur	1932-1947
—	1947-1960
Skjöl	1952-1966
—	1970
Búnaðarfélag	
Fundagerðabók	1940-1966
Reikningar og skjöl	1958-1961
—	1964-1973
Kvenfélag	
Fundagerðabók	1919-1946
—	1947-1966
Lestrarfélag Miklabæjarsóknar	
Fundagerðabók	1908-1933
—	1933-1951
Útlánaskrá	1913-1926
Skjöl	1931-1959
Ungmennafélagið Glóðafeykir	
Fundagerðabók	1926-1939
—	1940-1976

## Fellshreppur

### Hreppstjóri

Hreppaskilabók/skýrslubók	1900-1940
Úttektarþabók	1900-1911
Uppskrifta/virðinga/uppboðsþabók	1901-1927
Reikningar	1810-1811
—	1817-1819
—	1820-1859
Búnaðarskýrslur	1826-1860
Hundahaldsþabók	1901-1962
Manntal	1952

### Hreppsnefnd

Fundagerðabók	1915-1937
—	1937-1950
Bréfabók	1916-1952
Dagbók	1908-1955
Hreppsþabók/sveitarþabók (m. fundag. hreppsn. 1875-1882)	1865-1881
—	1881-1915
—	1915-1923
—	1924-1944
Kassabók/sjóðþabók	1939-1960
Skjöl oddvita	1927-1941
Reikningar	1893-1909
—	1946-1949
—	1953-1957
—	1960-1965
—	1967-1971
Forðagæslubók	1914-1935

## Skattanefnd

Gerðabók	1922-1939
—	1940-1958
—	1959-1962
Sáttanefnd	
Gerðabók	1888-1928
Fundagerðir	1910-1924
Fasteignamat	
Aðalmat	1942
Millimat	1934-1957
—	1962-1967
Skjöl	1938-1957
Búnaðarfélag	
Fundagerðabók	1954-1974
Jarðabótabók	1912-1942
Fóðurbirgðafélag	
Fundagerðabók	1938-1970
Nautgriparæktarfélag	
Reikningabók	1928-1966
Sjúkrasamlag	
Reikningar og fylgiskjöl	1954-1960
—	1961-1967
—	1968-1972

## Haganeshreppur

### Hreppsnefnd

Fundagerðabók	1898-1909
—	1923-1933
—	1933-1938
—	1938-1941
—	1941-1948
—	1948-1957
Bréfabók	1898-1906
—	1914-1925
—	1925-1932
—	1932-1938
—	1938-1946
Bréf frá oddvita	1943-1948
Skjöl oddvita	1950-1955
—	1956-1960
—	1961-1966
Dagbók	1922-1940
Hreppsþabók/sveitarþabók	1907-1928
—	1929-1935
—	1936-1940
—	1941-1955
—	1956-1962
Kassabók/sjóðþabók	1922-1933
—	1934-1959
Viðskiptamannabók	1934-1958
Vegasjóðsbók	1898-1913
Reikningar	1898-1909

### Skattanefnd

Gerðabók	1922-1944
----------	-----------

### Skólanefnd

Prófbók	1909-1934
---------	-----------

### Sjúkrasamlag

Fundagerðabók	1945-1973
Iðgjaldaskrá	1945-1951

### Búnaðarfélag

Fundagerðabók	1924-1954
Reikningabók	1934-1957

vegum Ungmennafélagsins Tindastóls. Var það ársfjórðungsrit, sem bar nafn félagsins og flutti blandað efni, fróðleik og fréttir úr bæ og héraði. Björn var driffjöldur í þeirri útgáfu og ritstjóri blaðsins; ritaði auk þess nokkuð í það sjálfur. Í mörg ár var hann fréttaritari útvarps og flutti m.a. nokkur útvarpserindi. Auk þess birtist nokkuð eftir hann í blöðum og tímaritum bæði ljóð og laust mál.

Af því sem hér hefur verið greint má gjörla sjá, að Björn sat ekki auðum höndum á sinni starfsævi. Er þó enn ótalið það aukastarf, sem honum var hugfólgnast og tók mestan hans frítíma, en það var við Héraðsbókasafnið og uppbyggingu þess. Þegar árið 1954 hlaut Björn kosningu í stjórn Héraðsbókasafns og Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og varð þá gjaldkeri safnanna. Árið 1956 tók hann við starfi bókavardar og gegndi því ásamt gjaldkerastöðunni eftir það til æviloka.

Árið 1937 fékk bókasafnið eigið húsnæði að Suðurgötu 7, en þegar líða tók að lokum sjötta áratugsins þótti sýnt, að húsnæðið var orðið of lítið miðað við vöxt og viðgang safnsins. Árið 1937 hafði bókakostur safnsins einungis verið um 1100 bindi, en í árslok 1960 er hann orðinn nær 8000 bindi. Árið 1961 er stjórn safnanna farin að ræða um byggingu nýs safnahúss. Björn Daníelsson bar mál þetta mjög fyrir brjósti og vann ötullega að framgangi þess. Þegar bygging Safnahússins hófst 1965, var Björn strax ráðinn til yfirmensjónar með framkvæmdum og mun síðan hafa mætt mest á honum að þoka málinu áleiðis. Það hefur verið mikill dagur í lífi Björns Daníelssonar, þegar hann gat opnað bókasafnið í nýjum og rúmgóðum húsakynnum um áramótin 1969-1970. Langþráðum áfanga var náð.

Bygging Safnahúss Skagfirðinga ber vitni um stórhug og víðsýni þeirra sem að stóðu og mun óhætt að fullyrða, að þáttur Björns Daníelssonar var þar mikill.

Á árunum 1956-1974 jókst bókaeign safnsins um helming, úr rúml. 6000 bindum í rúml. 12000 bindi og útlánin uxu margfaldlega, úr 3846 (1957) í 15966 (1974). Á seinni árunum vann Margrét kona hans mikið með honum í safninu og bar Safnahúsið vitni smekkvísi og snyrtimennsku þeirra hjóna beggja.

Björn vann öll sín félagsmálastörf af félagshyggju og áhuga, en hugði lítt til launa, t.d. voru laun hans við bókasafnið ætíð lág og ekki í neinu samræmi við þá vinnu, sem hann lagði þeirri stofnun. Björn var greiðugur og taldi ekki eftir sér að sinna kvabbi náungans. Sjálfur kynntist ég Birni lítið, en vel var hann til mín það lítið var. Veturinn 1973 dvaldi ég nokkra daga á Sauðárkróki og langaði að grúska lítillga á skjalasafninu. Leitaði ég þá til Björns, sem gegndi beiðni minni af ljúfmennsku og opnaði daglega hús fyrir mér.

Björn Daníelsson féll frá langt um aldur fram, meðan starfsorkan og áhuginn var enn á hátindi. Hann varð bráðkvaddur í bifreið sinni á leið með fjölskyldunni sunnan úr Reykjavík hinn 22. júní 1974 aðeins 54 ára gamall.

Björn giftist eftirlifandi konu sinni 31. des. 1943, Margréti f. 30. júlí 1916, Ólafsdóttur frá Stóru-Ásgeirsá í Víðidal. Heimili þeirra að Hólavegi 8 á Sauðárkróki var fallett og hlýlegt og gestrisni þeirra hjóna mjög rómuð. Þau eignuðust þrjá syni, er allir gengu menntaveg: Þóri Dan lækni, Ólaf Víði kennara og Pétur Örn, sem stundar nú háskólanám.

*Hj. P.*

## Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1979

Megináherzla var, sem fyrr, lögð á söfnun handrita og mynda og hefur hvort tveggja gengið með ágætum, því að safninu hefur bætt mjög í bú á árinu, þótt ekki verði tíundað hér. Unnið var að skráningu opinberra gagna svo og almennra handrita, eftir því sem tími vannst til.

Ljósritun sýslugagna í Þjóðskjalasafni var og framhaldið og ennfremur ljósritað allt skagfirzkt efni úr blöðum út gefnum á Akureyri frá aldamótum fram um 1920. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, sem jafnan hefur sýnt málefnum safnsins mikinn skilning, hefur styrkt þessa viðleitni myndarlega.

Sölvi Sveinsson vann um sinn við skráningu og flokkun ljósmynda, og miðar verkinu vel; munu nú fullskráðar og flokkaðar meira og minna 6000 mannamyndir. Myndasöfnunin er alltaf í gangi. Nú nýlega hefur safninu t.a.m. borizt á annað hundrað myndir, teknum á árunum 1920-1930, mest atvinnu- og umhverfismyndir. Þessa myndasafns verður síðar getið. Einnig hefur safnið aflað sér mynda úr D. Bruun's safni í Kaupmannahöfn (ljósmyndir Johs. Kleins þar með taldar).

Þótt kappsamlega væri unnið að myndskráningu, sér vart högg á vatni, svo mikið bætist jafnan við. Þó skortir mjög myndir af þeim, sem nú eru miðaldra og eldri. Eru það vinsamleg tilmæli, að Skagfirðingar fjær og nær gefi safninu mynd af sér til varðveislu, því raunin er sú, að safnið vantar fé til að sinna þessu verkefni, en takmarkið er að afla mynda af sem flestum — helzt öllum — Skagfirðingum, sem eru á miðjum aldri eða meir. Í mannamyndasafninu getur að langmestu leyti mynda, sem teknar hafa verið á árunum upp úr 1870 til 1930.

Kaupfélag Skagfirðinga hefur lengi stutt myndskráninguna dyggilega og gerir enn.

Nú færast óðum í vöxt, að leitað sé til safnsins af bókaútgefendum, þegar mynda er vant, og tekst oft að leysa vandann, jafnvel þótt ekki sé um skagfirzkar myndir að ræða. Sama máli gegnir um handrit, iðulega er sótt til þess vegna bókagerðar, af einstaklingum og stofnunum hérlendum og erlendum; beðið um fyrirgreiðslu svo og upplýsingar varðandi gömul handrit í vörzlu safnsins.

Skráðir gestir safnsins reyndust 710; afgreidd erindi utan afgreiðslutíma 280.

Hér á eftir fer skrá um gefendur handrita; móttöku afhendingarskyldra skjala og bóka er ekki getið.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur hlotið beinan og óbeinan stuðning fjölmargra á liðnu ári, einn er þó sá aðili, sem brugðizt hefur vonum, sem til hans voru gerðar. Þar er átt við ríkisvaldið. Skv. lögum um héraðsskjalasöfn virðist styrks að vænta. Svo segir í 4. gr. nefndra laga: „Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga“. Trúlega ber að líta svo á í þessu tilviki, að Héraðsskjalasafn Skagfirðinga sé svo vel í stakk búið, að opinbers stuðnings sé ekki þörf. Vitaskuld er safninu að því nokkur vegsauki.

Í júní 1980.

K. B.

## Skrá yfir gefendur 1979

Anna Solveig Árnadóttir, Uppsölum.

Anna Hjartadóttir, Geirmundarstöðum.

Árni H. Árnason, Ægisstíg 6, Sauðárkróki.

Árni Pálsson, Klapparstíg 3, Akureyri.

Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.

Dórothea Gísladóttir, Hólkoti, Staðarsveit, Snæfellsnesi.

Eiríkur Rögnvaldsson, Smáragrund 17, Sauðárkróki.

Erfingjar Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur kennara.

Erfingjar sr. Lárusar Arnórssonar, Miklabæ.

Erna Ingólfssdóttir og Guðmundur Helgason, Knarrarstíg 1, Sauðárkróki.

Friðrik J. Friðriksson, Smáragrund 4, Sauðárkróki.

Friðrik Hallgrímsson, Sunnuhvoli, Blönduhlíð.

Safnamál . 22

Gamaliel Sigurjónsson, Suðurgötu 13, Sauðárkróki.

Geir S. Björnsson, Goðabyggð 4, Akureyri.

Gísli Magnússon, Eyhildarholti.

Gísli Magnússon frá Frostastöðum.

Guðbjörg Kristinsdóttir, Baldursgötu 4, Reykjavík.

Guðjón Sigurðsson, Aðalgötu 5, Sauðárkróki.

Guðmundur Valdimarsson, Bárustíg 3, Sauðárkróki.

Hallur Pálsson, Hátúni 10, Reykjavík.

Hannes Pétursson, Túngötu 25, Bessastaðahr., Álftanesi.

Hreinn Sigurðsson, Aðalgötu 20, Sauðárkróki.

Hermína Kristjánsson, Reynimel 31, Reykjavík.

Jón Guðmundsson, Hlíðarvegi 14, Kópavogi.

Jónas Hallgrímsson, Bjarkarbraut 1, Dalvík.

Jónas Hróbjartsson, Öldustíg 15, Sauðárkróki.

Július Kristjánsson, Hólavegi 7, Dalvík.

Kári Jónsson, Smáragrund 16, Sauðárkróki.

Kristbjörg Guðmundsdóttir frá Ási, Hlíðarstíg 1, Sauðárkróki.

Kristín Sölvadóttir, Skógargötu 8, Sauðárkróki.

Kristján Eldjárn, Bessastöðum.

Kristmundur Bjarnason og Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg.

Margrét Þorsteinsdóttir, Frostastöðum.

Morgunblaðið, Reykjavík.

N. N.

Ottó A. Michelsen og Gyða Jónsdóttir, Litlagerði 12, Reykjavík.

Páll Sigurðsson, Klapparstíg 3, Akureyri.

Pálmey Haraldsdóttir, Grænubrekku 2, Sauðárkróki.

Rósa Jensdóttir, Fjarðarhorni, Strandasýslu.

Rótaryklúbbur Sauðárkróks.

Sigrún M. Jónsdóttir, Suðurgötu 10, Sauðárkróki.

Sigurbjörn Tryggvason frá Grófargili.

Sigurjón Páll Ísaksson, Stóragarði 4, Reykjavík.

Sigurlaug Jónsdóttir, Uppsölum.

Sigurlaug, Ingibjörg og Sigrún Jónsdætur frá Framnesi.

Snorri Björn Sigurðsson, Birkihlíð 8, Sauðárkróki.

Stefán Jónsson, Höskuldsstöðum.

Steinunn Jóhannsdóttir, Hellissandi.

Sverrir Björnsson, Hólavegi 20, Sauðárkróki.

Sverrir Jónsson, Akurseli 25, Reykjavík.

Sölvi Sveinsson, Kambsvægi 2, Reykjavík.

Tryggvi Guðlaugsson, Lónkoti.

Veidifélag Sæmundarár.

Þorvaldur Þorvaldsson, Aðalgötu 6, Sauðárkróki.

Safnamál . 23

# Úr Héraðsskjalasafni

## Hertaka Breta

Eins og flestum mun minnisstætt, hertóku Bretar Ísland 10. maí og gengu á land í Reykjavík. En þó þeir gerðu ýmis hervirki þar, gætti þess ekki neitt hér í sýslu, þó menn hér heyrðu vábrestina sunnan að bæði með blöðum og útvarpi. Það fyrsta sem Skagfirðingar urðu varir við herliðið var, það sem nú skal greina:

Um miðjan maímánuð kom að Vík, út frá Reynistað, þýzkur sendikennari að nafni Dr. Will og settist þar að. Hafði hann yfirgefið Reykjavík skömmu eftir að hertaka Breta fór þar fram. Aðfaranótt þess 5. júní vaknaði Árni bóndi í Vík við gestakomu og gengur til dyra á nærklæðum einum. Sér hann þá vopnaðan hervörð um húsið. Voru þar komnir 8 Bretar á 2 bílum og túlkur. Tóku þeir þegar hús á Þjóðverjanum og gerðu vandlega húsrannsókn. Sérstaklega leitudu þeir að útvarpssenditæki og yfirheyrðu heimilisfólkið, einkum húsbóndann rækilega, en ekkert fannst. Bretar voru þarna um nóttina og höfðu vörð um húsið. Morguninn eftir tóku þeir Þjóðverjann með sér til Reykjavíkur.

Snemma í júlí kom brezkt setulið og settist að á Saudárkróki. Voru það 80-100 manns. Fengu þeir til afnota Templarahúsið, Skólahúsið og Bifröst (samkomuhús U.M.F. Tindastóls). Síðar fengu þeir Bræðrabúð (verzlunarhús í eigu Kr. G.), sem þeir brenndu ofan af sér seinna um sumarið, ennfremur Hafnarhúsin úti á Eyrinni. Sömuleiðis byggðu þeir sér skála (bragga) sem þeir notudu fyrir geymslur. Í Varmahlíð settust að um 40 og tóku allt húsið á sitt vald. Þeir höfðu fyrir símsstjóra Ingibjörgu Jóhannsdóttur, fyrrum húsrú á Uppsölum, sem þar hafði dvalið undanfarið við greiðasölu. Það þótti í frásögur færandi, að Þorgils á

Reykhólum, sá mikli höfðingi, hélt 3 seka skógarmenn, og lækkaði ei sína virðingu í viðskiftum við þá ofstopamenn, en ekki þótti mönnum Ingibjörgu farast miður, er hún var ein á milli 40 stríðsmanna og hélt þeim svo í skefjum, að hún hafði enga skömm af. Yfirleitt mátti segja, að þetta væru hinir prúðustu menn og bar lítið á árekstrum milli þeirra og Skagfirðinga, enda voru yfirmennirnir hinir mestu „gentlemenn“, sem reyndu að milda og draga úr, ef til sundrungar kom. Þeir settu upp loftvarnarbyssur og grófu skotgrafir, sumstaðar færðu þeir grjótt að Þjóðbrautinni í hrúgur stórar. En yfirleitt fannst lýðnum lítið til þessara mannvirkja þeirra koma, ef um árás hefði verið að ræða.

Hinn 31. júlí birti yfirmaður brezka setuliðsins hér þá áskorun til yfirvaldanna, að til vonar og vara skyldu ráðstafanir gerðar til loftvarnar á Saudárkróki og að flytja héðan af skyndingu burt börn og gamalmenni, ef til þyrfti að taka, en ekki held ég að neinar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar í þá átt.

## Húsbruni

Aðfaranótt þess 5. september brann verzlunarhúsið „Bræðrabúðin“ á Saudárkróki, eign Kristjáns Gíslasonar kaupmanns á s. stað. Brezka setuliðið hafði fengið hús þetta á leigu og geymdi þar ýmislegt, bæði matarkyns — t.d. fleiri hundruð flöskur af öli — og skotfæri. Ekki fengu slökkviliðsmenn að koma þar nálægt eða neinir, því hætta var álitin stafa af skotfærabirgðunum, er eldurinn tæki að læsa sig í þær. Stóðu hermenn vörð um húsið unz það var fallið, og var sem barizt væri í návígi, svo ótt og títt dundu sprengingarnar í rústunum og flugu jafnvel brot í næstu húspök, svo allir gátu búist við hræðilegustu sprengingum á hverju augnabliki. Til allrar hamingju var veðurbliða einstök, stillilogn og þessvegna varð ekkert tjón af eldinum, en hefði vafalítið orðið mein, ef hvasviðri hefði verið. Ekkert slys varð heldur á mönnum, sem margir voru þó hræddir um að yrði, er um jafn eldfim efni var að ræða. Voru ýmsir



íbúar þorpsins sárir yfir þessu skeytingarleysi, sem lýsti sér í því hjá setuliðinu að hafa slíkan varning í miðjum bænum, jafn hættulegan. Talið er víst, að þarna muni hafa kviknað út frá rafleiðslum, annars sannaðist aldrei neitt um það í prófum þeim, sem haldin voru í tilefni brunans.

Skömmu þar á eftir kom vísa á gang, en fór þó lágt og eignuðu hana sumir sýslumanni. Hún er þannig:

Ef eldana þeir auka hér  
aftur; — girnist hugur minn,  
að þeir svíði undan sér  
með íkveikjunni næsta sinn.

Bendir seinniparturinn á, að þeir brezku muni hafa þótt kvenhollir hér sem víða annars staðar. Þegar Ólína Jónasdóttir skáldkona heyrði þessa vísu orti hún aðra, svohljóðandi:

Þó að allt sé öfugt nú,  
enn er samúð til í heim.  
Og ef að rætist óskin sú,  
einhver finnur til með þeim.

Úr Árbók Skagafjarðarsýslu. 1940.  
Skrásetjari: Stefán Vagnsson.

## Drukknun hreppstjóra á Skaga

Eins og þér, velborni herra! munuð hafa heyrt, reru menn hér í hrepp almennt laugardaginn 8. dag þessa mánaðar; náðu allir landi, nema 2 bátar, annar úr Sævarlandsvík, hinn úr Selvík. Á Selvíkurbátnum var Sigurður hreppstjóri Víglundsson, Sigurður Ólafsson á Selnesi, er áður var á Illugastöðum, Jóhannes Einarsson

*Safnamál . 26*

á Borgarlæk, Jóhannes Oddsson á Gauksstöðum og svo unglingsdregur. Á Sævarlandsvíkurbátnum var formaður Jósep Benidikt Andrússon með 5 mönnum. Til þessara hvorugra hefur ekkert frétt, og má telja eflaust, að þeir hafi farizt, og þannig er hreppurinn hér orðinn hreppstjóralaus, en þar sem má ganga að því vísu, að það sé óhugsandi að svo megi vera, þar sem hreppstjóra aðgjörða mun þurfa undireins við, í tilefni af mannsköðunum, sem orðið hafa, auk annars, sem gjöra þarf eða ef til vill, hefur þurft, þá finn ég mér hér með skylt að tilkynna yður þetta, og óska þess, að þér hið bráðasta hlutist til um, að hið nauðsynlega sé gjört í því að bæta úr hreppstjóraleysinu. Ég get eigi ímyndað mér að til reglulegra og almennra kosninga verði traudla gengið [svo] nú þegar, eða, ef til vill, eins fljótt og með þarf, en ég ímynda mér mundi duga, að þér til bráðabirgðar útnefnduð einhvern til að takast hreppstjórastörfin á hendur. Það er nú, ef til vill, eigi völ á mörgum, sem eru vel hæfir til þessa starfa, auk hreppsnefndarmanna Sigurðar Jónssonar á Hvalnesi og Gunnars Gunnarssonar á Sævarlandi, má nefna Friðbjörn Björnsson á Hóli, sem að mínu áliti í sumu tilliti er eigi sízt fallinn til þess, þó ég að hinu leytinu helzt haldi, að allir hreppsmenn mundi eigi kjósa hann; en þá eru og bræðurnir Sigurður Gunnarsson á Fossi og Þorvaldur Gunnarsson á Skíðastöðum, og get ég ímyndað mér, að hann fengi eigi fá atkvæði hjá hreppsmönnum.

Hvammi í Laxárdal 13. dag nóvbr. 1879

Ísl. Einarsson.

Velbornum

herra sýslumanni E. Briem á Reynistað.

*Safnamál . 27*

## Klæðleysi hegningarfanga

Þar eð það kemur oft fyrir, að menn, sem eru sendir hingað til þess að taka út hegningu í hegningarhúsinu, eru svo illa útbúnir að heiman með föt, að það verður að kaupa hér föt handa þeim, þegar þeir eiga að fara heim aftur, þá skal ég hér með leyfa mér að skora á yður, herra sýslumaður, að sjá um, að þeir menn, sem kynnu að verða sendir eftirleiðis úr yðar sýslu hér til hegningarhússins, séu svo vel fataðir, að þeir geti komizt héðan heim, án þess að það þurfi að kaupa föt handa þeim hér.

Ég skal geta þess, að föt þau, sem fangar koma með, eru geymd allan þann tíma, er þeir dvelja í hegningarhúsinu, því hegningarhúsið leggur föngum til föt.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík  
19. marz 1881

E. Th. Jónassen.

Til  
sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu.

## Sölvi Helgason

Með heiðruðu bréfi, dags. 29. f.m., hafið þér, herra sýslumaður, lagt meðmæli yðar með því, að ég léti Sölva Helgason fá nauðsynlegan fatnað eða verð fyrir hann af sveitarsjóði.

Út af þessu hefur hreppsnefndin hér ákveðið að láta Sölva fá nærföt fyrir nýár, er annaðhvort mun verða komið til heimilis hans, er hann telur vera á Reynistað, eða hann verður að vitja þeirra til mín, ef engin ferð fellur upp eftir um það leyti. Þó að vér hreppsnefndarmenn hefðum vilja á því nú að láta hann þegar fá föt þessi, þá er ekki svo ástatt fyrir oss, að það sé hægt í bráðina, nema þá

*Safnamál . 28*

slitin föt eða hálfónýt, sem mér heyrðist síðast, að Sölva vera lítil þökk í.

Þyki þetta eigi góð kjör, sakir þess hve seint fötin koma, hefur nefndinni litizt ráðlegt, til vara, að veita yður, sem húsbónda Sölva, heimild til að fá 10 kr. út úr reikning Fellshrepps í Hofsó, svo sem meðlag með honum, um leið og hún mælist til þess, að þér þá vilduð láta hann bera það upp í fötum á einhvern hátt eftir því sem honum er nauðsynlegast.

Að öðru leyti sýnist það furðanlegt, að maður, sem kveðst fá jafnmikið fyrir málverk sitt og honum segist frá, skuli þurfa að fá sér lögð föt af fæðingarhrepp sínum.

Felli 23. nóv. 1881

Einar Jónsson.

## Bænarskjal, sem ekki var sinnt

Svo er fyrir mælt í öðru atriði 23. gr. í tilskipun af 4. maí 1872 að breytingar á hreppaskipun eða skipti eins hrepps í tvær eða fleiri sveitir frá hlutaðeigandi hreppsnefnd sendist sýslunefndinni er [svo] leggist síðan undir úrskurð landshöfðinga.

Það er mörgum ljóst, að Akrahreppur er mjög stór og býlamargur, en sérílagi erfiður að vegalengd, frá Dýrfinnastöðum og Ytribrekkum — að norðan — suður í Skagafjarðardali, að Nýjabæ og Skatastöðum, og svo líka á Norðurárdal að Krókárgerði samt vestur yfir Héraðsvötn, að Stokkhólma, Hringey og Mikley. En þegar svo ber til, að hreppstjóri og hreppsnefndar oddviti sitja að búi á öðrum takmörkum hreppsins — eða því sem næst — eins og nú á sér stað, þá verður þeim erfitt fyrir að gæta hinna nauðsynlegu og stöðu sinni samboðnu starfa, og fyrir fjarlægðina vantar þá oft nægilegan kunnugleika í ýmsu tilliti.

Það hefur alloft komið í umræðu fyrir sveitarbændum Akra-

*Safnamál . 29*

hrepps, að hentugra væri, að honum yrði skipt í tvo hreppa, og því viðvíkjandi stungið upp á, að deilingin yrði haganlegust við svo nefnda Hella, svo að býlið Hella væri í nyrðri partinum, en býlin (jarðirnar) Miðseta og Sólheimar í hinum syðri. Einnig hefur þótt haganlegra að býlin (jarðirnar) vestan Héraðsvatna, Stokkhólmi, Hringey og Mikley, leggist til Seyluhrepps. Það virðist, að hinn nyrðri partur hreppsins héldi hinu sama nafni *Akrahreppur*, en innri deildin nefndist *Silfrastaðahreppur*. Það er í augum uppi, að norðari parturinn yrði býlafleiri, en aftur yrði hinn syðri yfirferðar erfiðari.

Því er það, að við Akrahreppsnefndarmenn og hreppstjóri — sem einnig er nú hreppsnefndarmaður — leyfum oss að fara því á flot, að Akrahreppur í Skagafjarðarsýslu verði af viðkomandi úrskurðarvaldi deildur í tvær sveitir (hreppa), samt æskilegt Stokkhólmi, Hringey og Mikley lagt til Seyluhrepps.

Frostastöðum í Akrahrepp 29. maí 1879  
Þorkell Pálsson  
p.t. oddviti hreppsnefndar.

Til oddvita sýslunefndar í Skagafjarðarsýslu.

## Hver er maðurinn?

Í 3. árg. Safnamála birtust óþekktar myndir, varðveittar í Héraðs-skjalasafninu, og voru lesendur beðnir að nafngreina þær. Eftirtekja varð sem hér segir: Á mynd nr. 27 er Hólmsfríður Helgadóttir frá Litladal í Lýtingsstaðahreppi. Nr. 29 er Sigríður Sölvadóttir á Auðnum í Sæmundarhlíð. Hún lézt, ógift og barnlaus, árið 1904. Nr. 35: Hannína Hannesdóttir frá Elivogum; drengurinn til vinstri Sveinbergur Sveinsson, en til hægri Guðmundur Stefánsson. Mynd nr. 44 er talin af Önnu Pétursdóttur, Mobergi, Langadal. Nr. 45 er Hallfríður Jósefsdóttir; var um skeið á Nautabúi fram, en mun ættuð norðan úr Eyjafirði.

Loks ber að geta þess, að í formála fyrir nafngreiningunni í 3. árg. er maður á mynd nr. 1 sagður heita Jón Guðmundsson, en þar átti að standa *Guðmundur Jónsson*.

Enn er leitað til lesenda, þeir beðnir að ráða „myndagátur“ Safnamála.

K. B.



48



49



50



51



52



53



54



55



56



57



58



59



60




61



62




63



64




65



66



67



68



69



70



71



72



73



74



75



76



77



78



79



80

Fleygið ekki bókaslitrum, gömlum blöðum eða  
skrifuðum gögnum án samráðs við safnaverðina.  
Látið söfnin njóta þess, sem nýtilegt kann að vera.  
Þau gera orð skáldsins að sínum:

Ég vinn úr því, sem aðrir vilja  
ekki nýta:  
Í arinkerslum leynist löngum  
lagleg spýta.

*Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.  
Héraðsbókasafn Skagfirðinga.*

## Safnafréttir

Unnið var í vetur s.l. og vor við innréttingar í kjallara Safnahússins og er nú á hausti 1980 að mestu lokið frágangi þar. Kemst þá í notkun mikið geymslurými, sem söfnin hefur vanhagað um. Þar verður m.a. eldtraust geymsla, geymsla fyrir verk Listasafnsins og bókbands- og viðgerðastofa.

Þrjár myndlistarsýningar voru á s.l. vetri. Þar af gekkst Listasafnið fyrir einni í Sæluviku og bauð Gísli Guðmann frá Akureyri. Keypti safnið þar eina mynd.

Mjólkursamslag Skagfirðinga veitti 300 þús. kr. styrk til flokkunar og skráningar á landbúnaðarsafni Árna G. Eylands, og var unnið í sumar að flokkun á tímaritum úr því.

Hinn 10. júní s.l. átti Ottó A. Michelsen, forstjóri í Reykjavík, 60 ára afmæli. Í tilefni þess færðu þau hjón, Gyða Jónsdóttir og hann, Héraðsskjalasafni Skagfirðinga sérstæða bókagjöf, Hólaprent frá 18. öld, 11 bindi og eitt handrit, allt nauðatorgætar bækur. Verður gjafar þessarar síðar getið.

Þjóðhátíðarsjóður Íslands, sem oft hefur styrkt Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, veitti á þessu ári (1980) 500 þús. króna styrk til myndadeildar safnsins.

Eiríkur Rögnvaldsson vann síðastliðið sumar (1980) um nokkurra vikna skeið á Héraðsskjalasafninu, endurskoðaði og ritaði upp skjalaskrá, kjalmerkti fjölda bóka, flokkaði þær og raðaði í hillur. Mátti af öllu marka, að tekið hafði verið til höndum. Sölvi Sveinson vann og um sinn að myndskráningu fyrir safnið, eins og undanfarin ár, og sóttist verkið vel.



## *Minningarkort*

Fræðasjóðs  
Skagfirðinga  
fást í

Safnahúsinu  
við Faxatorg,  
Verzlun Haraldar  
Júliussonar

og hjá

Kára Jónssyni,  
Smáragrund 16



# útlán

## BÓKASAFNIÐ

Mánudaga	kl. 4— 7 s.d.
Þriðjudaga	kl. 4— 7 s.d.
Miðvikudaga	kl. 4— 7 s.d.
Fimmtudaga	kl. 8—10 s.d.
Föstudaga	kl. 2— 7 s.d.

*Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.*

## HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

*er opið til afgreiðslu*

Fimmtudaga	kl. 8—10 s.d.
Föstudaga	kl. 2— 6 s.d.



SAFNAHÚS  
SKAGFIRÐINGA